



Félagsmálaráð - 208. fundur
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, 9. maí 2017
og hófst hann kl. 08:15

Fundinn sátu:

Hildur Birna Jónsdóttir Varaformaður, Elísa Rán Ingvarsdóttir Aðalmaður,
Rúna Kristín Sigurðardóttir aðalmaður, Jóhannes Tryggvi Jónsson aðalmaður
og Lilja Björk Ólafsdóttir varamaður.

Embættismenn

Eyrún Rafnsdóttir Sviðstjóri og Þórhalla Karlsdóttir Starfsmaður.

Fundargerð ritaði: Þórhalla Franklín Karlsdóttir og Eyrún Rafnsdóttir,
Proskapjálfi og félagsmálastjóri

Silja Pálsdóttir formaður félagsmálaráðs boðaði forföll og kom í hennar stað
Lilja Björk Ólafsdóttir.

Dagskrá:

- 1. 201703141 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201703141
- 2. 201704065 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201704065
- 3. 201705039 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201705039
- 4. 201705006 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201705006
- 5. 201705040 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201705040
- 6. 201705041 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201705041
- 7. 201705038 - Trúnaðarmál**
Trúnaðarmál - 201705038

8. 201705037 - Trúnaðarmál

Rúna Kristín Sigurðardóttir og Jóhannes Tryggvi Jónsson véku af fundi undir þessum lið kl 9:15. Þau komu aftur inn á fundinn að afgreiðslu lokinni kl. 9:28

Trúnaðarmál - 201705037

9. 201610024 - Húsnæðismál

Félagsmálaráði Dalvíkurbyggðar barst bréf dags. 23.apríl 2017 frá foreldrum fatlaðra ungmenna í Dalvíkurbyggð þar sem þau óska eftir tímasettri áætlun búsetuúrræða og atvinnumála fatlaðra einstaklinga í Dalvíkurbyggð.

Félagsmálaráð er meðvitað um þörf fyrir búsetuúrræði fyrir fatlaða í Dalvíkurbyggð. Nú þegar er starfandi vinnuhópur á vegum sveitarfélagsins til að kortleggja þörf og hvaða möguleikar eru í stöðunni. Á þessu ári er gert ráð fyrir 20 milljónum í undirbúningsvinnu og er gert ráð fyrir að við gerð fjárhagsáætlunar 2018 liggi fyrir frekari áætlun.

Félagsmálaráð bendir á að undanfarin ár hefur Dalvíkurbyggð verið í fararbroddi með atvinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og eru eða hafa verið starfandi einstaklingar með skerta starfsgetu á flestum starfsstöðum sveitarfélagsins. Á undanförunum árum hefur félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar útvegað börnum með fötlun á aldrinum 16-18 ára sumarvinnu og greitt launin þeirra þrátt fyrir að ekki sé lagaskylda þar um.

10. 201702086 - Félagsþjónustuskýrsla 2016

Tekin fyrir erindi frá Hagstofu Íslands dags. 6. febrúar 2017 um árlega skýrslu sveitarfélaga um félagsþjónustu á árinu 2016. Einnig var skýrsla lögð fram sem skilað hefur verið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar. Fram kemur í skýrslunni að alls er veitt heimilisþjónusta á 51 heimili í sveitarfélaginu og alls fengu 42 heimili fjárhagsaðstoð á árinu.

Lagt fram til kynningar

11. 201703056 - Til umsagnar frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 119. mál.

Þórhalla Franklín Karlsdóttir þroskaþjálfari vék af fundi.

Tekið fyrir erindi frá Nefndasviði Alþingis dags. 10.mars 2017. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 117.mál. Óskað er umsagnar sveitafélaga.

Lagt fram til kynningar

12. 201705023 - Til umsagnar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál.

Tekið fyrir erindi frá Nefndasviði Alþingis dags. 3.maí 2017. Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438.mál. Óskað er umsagnar sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar

201705024 - Til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 439. mál.

Tekið fyrir erindi frá Nefndasviði Alþingis dags. 3.maí 2017. Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (innleiðing samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 439.mál. Óskað er umsagnar sveitafélaga.

Lagt fram til kynningar

14. 201704114 - Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434. mál.

Tekið fyrir erindi frá Nefndasviði Alþingis dags. 28.apríl 2017. Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434.mál. Óskað er umsagnar sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar

15. 201704115 - Til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.

Tekið fyrir erindi frá Nefndarsviði Alþingis dags. 28.apríl 2017. Allsherjar - og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436.mál. Óskað er umsagnar sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar

16. 201705061 - Segulspjöld

Þann 1. maí 2017 breytist útvistartími barna og unglunga samkvæmt lögum um barnavernd 92.gr. nr. 80/2002 en þar segir að börn, 12 ára og yngri, megi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna um tvær klukkustundir.

Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar hefur tekið ákvörðun um að gefa öllum grunnskólabörnum í Dalvíkurbyggð segulspjöld um útvistareglurnar.

17. 201705078 - Innleiðing á velferðartækni

Tekið fyrir erindi frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar dags. 8. maí 2017 þar sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Öldrunarheimili Akureyrriar og Velferðarráðuneytið bjóða til málþings um Connect verkefnið.

Lagt fram til kynningar

18. 201705079 - Ábendingar varðandi sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga

Tekið fyrir erindi frá Velferðarráðuneytinu dags. 8. maí 2017 þar sem Félags- og jafnréttismálaráðherra beinir því til sveitarfélaga að taka tillit til leiðbeinandi reglna Velferðarráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning um að meta skuli þörf fyrir slíkan stuðning á grundvelli framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna í

stað þess að byggja einungis á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum. Nú hefur komið í ljós að framkvæmd sumra sveitarfélaga við ákvörðun sérstaks húsnæðisstuðnings er með þeim hætti að sérstakar húsnæðisbætur lífeyrisþega almannatrygginga eru lægri en áður og lækka jafnvel umtalsvert samanborið við þann stuðning sem sveitarfélagið veitti þeim áður með sérstökum húsaleigubótum.

Velferðarráðuneytið bendir á að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þarf ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning að byggjast á heildarmati á aðstæðum umsækjanda, en ekki einungis á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum. Meta þarf hvort um sé að ræða sérstaklega þunga framfærslubyrði eða aðrar félagslegar aðstæður sem leitt geta til þess að þörf fyrir stuðning sé meiri eða minni en hlutlæg viðmið gefa til kynna. Ef þessir þættir eru ekki metnir verður vandséð að sveitarfélag hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni við töku ákvörðunar um sérstakan húsnæðisstuðning. Félags- og jafnréttismálaráðherra beinir því þess vegna til sveitarfélaganna að tekið verði til leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins hvað þetta varðar til þess að þessum markmiðum um heildarmat verði náð.

Lagt fram til kynningar. Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar setti sér reglur í upphafi árs um sérstakan húsnæðisstuðning og sér félagsmálaráð ekki ástæðu til að breyta þeim reglum að svo stöddu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____